

náttúrunni, og allar hinar beztu og fegurstu kenningar, sem vér höfum fengið frá liðnum öldum.

Hin vísindalega kenning um einn, alstaðar nálægan, eilífan kraft, sem skapar og lífgar alla tilveruna á hverju augnabliki og á hverjum stað í hinum óendanlega geimi, er algerlega ósamrýmanleg við þá tvöföldu skoðun, sem setur anda á móti efni, gott á móti illu, vonsku mannsins á móti réttlæti guðs og Satan á móti Kristi. Kenningin um alvitran guð er einnig ósamrýmanleg við þá skoðun, að hann hafi einusinni sett heiminn í hreyfingu og síðan dregið sig í hlé, en látið heiminn halda áfram sankvæmt náttúrulögum er, komu í hans stað. Ef guð er alstaðar í tilverunni þá geta engar lægri orsakir átt sér stað í heimi efnisins eða andans. Hin nýja trú hafnar algerlega þeirri skoðun, að maðurinn eigi ekki heimkynni í heiminum, eða að guð sé utan við hann; hún hafnar einnig þeirri skoðun að maðurinn sé fallin vera, syndum spilt og eðlilega á niðurlægingar vegi; og hún hafnar ákveðið þessum gömlu trúarskoðunum, vegna þess að þær eru ósamrýmanlegar við mannúðlega, upplýsta og háleita guðshugmynd.

Ef maðurinn nú finnur guð í gegnum sjálfsmeðvitund, eða með öðrum orðum, ef guð opinberast í sálum manna, þá hefir mannkynið komist til þekkingar á guði í gegnum þekking á sjálfu sér; og hin bezta þekking á guði fæst með því að þekkja hina beztu af mannkyninu. Menn hafa alltaf hugsað sér manninn gæddan sál, sem er líkamanum fráskilin, þó alstaðar í honum. Enginn maður vill takmarka tilveru sína við líkama sinn, heldur, þvert á móti trúir hver og einn, og allir menn hafa trúað, að í manninum sé lifandi, stjórnandi, sérkennileg, andleg vera, eða sál, sem er hann sjálfur. Þessi sál, sljó eða gáfuð, smá eða stór, hrein eða óhrein, horfir úr augunum, hljómar í röddinni, og kemur í ljós í látbragði og háttum hvers einstaklings. Hún er eitthvað, sem er alveg eins virkilegt og líkaminn, og sérkennilegri en hann. Hún gefur hverjum áhrifamiklum manni mestan hluta afis hans; hún er það sem vér nefnum persónuleika. Þessi andi eða sál er þýðingarmesti hluti hvers manns; það er og hefur alltaf verið viðurkennt. Hún getur notað heilbrigðan líkama á áhrifameiri